

Föstudaginn 21. júní 1940.

Nr. 46/1940. Tryggvi Magnússon

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Guðmundi Guðmundssyni og

gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál út af bílslysi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af Birni Þórðarson, lögmanni í Reykjavík.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. maí þ. á., krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 16665.85 ásamt 5% ársvöxtum frá 22. apríl 1939 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefir málinu með stefnu 29. maí þ. á., krefst algerrar sýknu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Að vísu verður að telja, að aðaláfrýjandi hafi sýnt ógætni, en hinsvegar er ekki framkomin full sönnun þess, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef bílstjórinn hefði, þegar er hann varð aðaláfrýjanda var, vikið út á vinstri vegbrún. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70 frá 1931 kemst gagnáfrýjandi því ekki hjá því að greiða aðaláfrýjanda bætur, sem þykja alls hæfilega ákveðnar kr. 5000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 19. apríl 1940.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda alls kr. 700.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Guðmundur Guðmundsson, greiði aðaláfrýjanda, Tryggva Magnússyni, kr. 5000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 19. apríl 1940 til greiðsludags og samtals kr. 700.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 19. apr. 1940, af Tryggva Magnússyni listmálara að Ökrum í Seltjarnarneshreppi gegn Guðmundi Guðmundssyni kaupmanni, Vesturgötu 20, Hafnarfirði, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss, aðallega að fjárhæð kr. 16665.85, en til vara eftir mati réttarins, ásamt 5% ársvöxtum frá 22. apríl 1940 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur krefst aðallega sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins, en til vara, að hin umstefnda krafa verði lækkuð að miklum mun og málskostnaður þá látinn falla niður.

Vátryggingarfélaginu Baltica, sem bifreiðin G 66 var tryggð hjá, hefir verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur því né heldur hefir það gert neinar sjálfstæðar kröfur.

Málavextir eru þeir, að 22. apríl 1938 fór stefnandi í boði Páls Jónssonar vélstjóra hér í bænum austur fyrir fjall í bifreiðinni R 997. Auk þeirra Páls voru með í ferðinni kona stefnanda og tvö börn þeirra og tvær nafngreindar fullorðnar stúlkur. Var lagt af stað úr bænum um kl. 7 e. h. og ferðinni heitið austur að Eyrarbakka. Þegar komið var að Kolviðarhóli, varð nokkur viðdvöl, og fékk fólkið sér þar kaffi. Varð kona stefnanda þar eftir ásamt börnunum, en hitt fólkið hélt áfram austur áleiðis að Eyrarbakka. En þegar komið var austur að Kögunarhól, bað stefnandi bifreiðarstjórann að hleypa sér út, og varð hann þar eftir, en bifreiðin og fólk það, er í henni var, hélt áfram austur. Kveður stefnandi það hafa verið ætlun

sina að nota tækifærið, á meðan bifreiðin væri fyrir austan, til þess að gera riss af Ingólfsfjalli, en bifreiðin hafi átt að taka sig, er hún kæmi að austan aftur, ef hann hefði ekki þá þegar náð í aðra bifreið heim. Er þetta gerðist, mun kl. hafa verið um kl. 9½ e. h. og litið eitt farið að rökkva. Segist stefnandi nú hafa farið út í móana við veginn og byrjað að rissa teikningu af Ingólfsfjalli í vasa-bók sína, en bæði sökum þess að kalt hafi verið og farið hafi verið að skyggja, hafi sér ekki þótt það heppilegt og þess vegna hætt við það, farið upp á veginu aftur og gengið í vesturátt. Segist hann hafa gengið um 5 mínútur vestur veginn vinstra megin. Hafi hann gengið álútur með hendur í vösum. Er stefnandi gekk þarna eftir veginum, heyrði hann í bifreið, er kom á móti honum á veginum, en ekki kveðst hann hafa séð hana fyrr en hún hafi verið komin svo nálægt sér, að um 10 m hafi verið á milli þeirra. Virðist hann þó ekki hafa skeytt bifreiðinni og kveðst ekki hafa litið upp, þegar hann hafi álitist, að hún væri að fara framhjá sér. En í sama mund rákust bifreiðin, sem reyndist vera G 66, og stefnandi á. Féll hann í rot og raknaði ekki úr því fyrr en á Landspítalanum í Reykjavík.

Bifreiðin G 66 var eign stefnds í máli þessu, en hann hafði lánað Jóni nokkrum Guðmundssyni í Hafnarfirði hana þenna dag. Bauð Jón 4 mönnum í bifreiðina með sér, og var ferð þeirra heitið austur í Gnúpverjahrepp. Jón stjórnaði sjálfur bifreiðinni. Kl. um 9¼ e. h. voru þeir komnir austur undir Kögunarhól. Sá Jón þá mann nokkurn, sem siðar reyndist vera stefnandi máls þessa, koma gangandi austan veginn, og var hann á réttri vegarbrún, þ. e. vinstra megin, miðað við manninn, en til hægri handar, miðað við bifreiðina. Kveður Jón, að þegar um 10—12 m hafi verið milli bifreiðarinnar og stefnanda, hafi hann (stefnandi) slangrað út á veginn, nærri út á hann miðjan, og í veg fyrir bifreiðina. Um þetta leyti kveðst Jón hafa verið búinn að hægja á bifreiðinni niður í 25 km hraða, miðað við klst., en þegar hann fyrst hafi séð stefnanda, hafi hraði hennar verið um 30 km. Þegar stefnandi hafi slangrað út á veginn, kveðst Jón þegar hafa beygt til hægri út á veginn, en áður hafi hann ekið á vinstri vegbrún. Kveðst hann hafa talið það heppilegast til þess að forðast slysið, enda hafi framhluti bifreiðarinnar komizt framhjá

stefnanda, en í því bili hafi sér beinlínis virzt stefnandi slangra á afturenda bifreiðarinnar, og hafi hann á sama augnabliki heyrt högg það, er orðið hafi við það, að stefnandi rakst á bifreiðina. Í sömu svipan hemlaði Jón bifreiðina og fór út úr henni ásamt félögum sínum, en þá fundu þeir stefnanda liggjandi í roti rétt aftan við bifreiðina, eða, að því er virtist, í 4—5 metra fjarlægð frá henni. Þeir, sem með Jóni voru í bifreiðinni, skýra frá slysinu og aðdraganda þess á sama hátt og Jón í öllum atriðum, er máli skipta. Við áreksturinn lenti stefnandi með hægri kinn og hlið á vinstri hlið bifreiðarinnar, og hefir ekki fengizt fullnægjandi skýring á því í málinu, enda þykir ástæðan til þess ekki geta skipt máli, eins og málið liggur fyrir að öðru leyti.

Þegar Jón og félagar hans höfðu tekið stefnanda upp í bifreiðina, óku þeir með hann til Eyrarbakka, þar sem gert var við meiðsli hans til bráðabirgða, en síðan var hann fluttur í sjúkrabifreið til Reykjavíkur og lagður inn í Landspítalann.

Við slys þetta hlaut stefnandi alvarleg meiðsl, og þar sem hann telur bifreiðarstjóra G 66 valdan að slysinu, hefir hann nú höfðað mál þetta gegn eiganda bifreiðarinnar, stefndum Guðmundi, og gert í því framangreindar skaðabótakröfur vegna meiðsla sinna. Stefndur telur stefnanda sjálfan valdan að slysinu, enda hafi hann verið drukkinn, er það skeði, og bifreiðarstjórinn á G 66 gert allt, sem hægt hafi verið að krefjast af honum sem góðum og gætnum ökumanni, til að afstýra því.

Það er upplýst í málinu, að stefnandi hafði neytt nokkurs áfengis, þegar slysið varð, án þess þó að ljóst sé, hversu mikils. Hann hefir játað að hafa gengið niðurlútur, eftir að hann varð bifreiðarinnar var, og að hafa ekki fylgzt meira með henni en svo, að hann hafi ekki litið upp, þegar hann taldi bifreiðina vera að fara framhjá sér. Loks verður að telja upplýst bæði með framburðum þeirra, er voru í bifreiðinni, og því, á hvern hátt slysið skeði, að stefnandi hafi annaðhvort gengið of innarlega á veginum eða slangrað inn á hann, rétt áður en slysið varð. Hinsvegar verður og að telja, að bifreiðarstjóri G 66 hafi heldur ekki hegðað sér eins og honum bar að gera. Hraði bifreiðar hans virðist ekki hafa verið meiri en um 25 km, miðað við klukku-

stund, þegar hann sá stefnanda á hættulegum stað, og, að því er hann telur, illa á sig kominn fyrir framan bifreiðina í 10—12 m fjarlægð. Hann virðist því hafa getað stöðvað bifreiðina og þannig forðazt slysið. Sömuleiðis virðist svo sem slysi hefði orðið afstýrt, ef bifreiðarstjórinn hefði haldið sér úti á vinstri vegarbrún, þar sem hann heldur því fram, að stefnandi hafi aðeins verið kominn nærri út á miðjan veginn, þ. e. ekki yfir á vinstri helming hans, miðað við bifreiðina, en vegurinn er þarna svo breiður, að helmingur hans er meira en nægur fyrir bifreið. Hvorugan þenna kost tók bifreiðarstjórinn, enda þótt þeir virðist báðir hafa verið líklegri til að afstýra slysi en sá kostur, er hann valdi.

Að framanskráðu athuguðu litur rétturinn svo á, að skipta verði sökinni á framangreindu slysi á þann hátt að leggja helming hennar á hvorn um sig, stefnanda og bifreiðarstjóra G 66, og þannig, að dæma stefndan aðeins til að greiða stefnanda helming þess tjóns, er talið verður, að hann hafi beðið við það.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfuna þannig:

- | | |
|---|-------------|
| 1. Örorka fyrstu 6 mánuðina eftir slysið .. | kr. 2083.35 |
| 2. Varanleg örorka | — 12410.00 |
| 3. Bætur fyrir sársauka og þjáningar | — 2000.00 |
| 4. Læknis- og sjúkrahússkostnaður | — 172.50 |

Samtals kr. 16665.85

Stefndur hefir mótnælt öllum kröfuliðunum sem of háum og órökstuddum nema þeim síðasta.

Við slysið fékk stefnandi hauskúpubrot, sár á enni og hægri augabrún. Afleiðingin varð heilahristingur og truflanir á skynfærum (heyrnar- lyktar og bragðskyn) svimi og riða. Hann lá á Landspítalanum til 27. apríl, en var þá fluttur heim. Liggja fyrir ýmis læknisvottorð í málinu um þetta. Þann 1. jan. 1940 rannsakaði Jóhann Sæmundsson tryggingarlæknir stefnanda og mat örorku hans. Hafði þá svimi og jafnvægis-skyn farið batnandi, en kvartanir stefnanda voru: heyrnarleysi á hægri eyra, missir lyktarskyns, minnkað bragðskyn, óöruggt jafnvægi við hreyfingar við og við, vinnuþol og minni lítið eitt minnkað. Staðfestir skoðun læknisins og sérfræðinga, er hafa skoðað hann, að kvartanir þessar séu á rökum reistar. Metur Jóhann ör-

orku stefnanda 100% 4 fyrstu mánuðina eftir slysið, 50% næstu tvo mánuði og varanlega örorku 15%.

Stefnandi er listmálari og mun aðalatvinna hans vera að annast ýmsar teikningar fyrir almenning, auk þess sem hann mun teikna myndir í „Spegilinn“. Í málinu er gert sennilegt, að árstekjur stefnanda hafi numið um kr. 5000.00. Stefnandi er kvæntur maður og á 2 börn á ómagaaldri. Hann er 39 ára að aldri og er ekki annað upplýst en að hann hafi verið heilsugóður fyrir slysfarirnar.

Að þessu athuguðu og með því að fallast má á þá skoðun, er trúnaðarlæknir váttryggingarfélagsins Baltica hefir látið í ljós í vottorði, sem lagt hefir verið fram í málinu, að svo kunni að vera, að afleiðingar heilahristingsins kunni að hafa orðið alvarlegri en ella fyrir þá sök, að stefnandi hafi neytt áfengis, þegar slysið varð, þá þykir sá hluti tjónsins, er stefndum samkvæmt framansögðu ber að bæta stefnanda, hæfilega ákveðinn kr. 6000.00.

Verða lok málsins því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt hefir verið, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 540.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Guðmundur Guðmundsson, greiði stefndanum, Tryggva Magnússyni, kr. 6000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 22. apríl 1939 til greiðsludags og kr. 540.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.